



# HRUNAMANNAREPPUR

## 45. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

## 9. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 1. maí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 16:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi bar oddviti upp dagskrárbreytingatillögu um að við bætist liðir nr. 13, ósk um að fallið verði frá forkaupsrétti, Akurgerði og liður 14, lóðaúthlutun. Tillagan samþykkt samhljóða. Tölusetning annarra dagskrárliða breytist til samræmis við þetta.

Hér var gengið til dagskrár:

### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

#### **1. Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 9. fundar frá 17. apríl 2024.**

Lögð fram fundargerð 9. fundar Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar.

*Varðandi lið 4, uppskeruhátíð, þá felur sveitarstjórn sveitarstjóra að ræða við nefndarmenn um fyrirkomulagið.*

*Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.*

#### **2. Veitu- og framkvæmdanefnd: Fundargerð 5. fundar frá 22. apríl 2024.**

Lögð fram fundargerð 5. fundar Veitu- og framkvæmdanefndar.

*Liður 3 „ Vatnsveita Blákvísl“ afgreiddur sérstaklega: Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að samið verði við ÍSOR um mat á gæðum vatns í Blákvísl á Hrunamannafrétti.*

*Fundargerðin að öðru leiti lögð fram til kynningar.*

### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

#### **3. Fundargerð 279. fundar skipulagsnefndar frá 24. apríl 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. apríl sl.**

Lögð fram fundargerð 279. fundar skipulagsnefndar frá 24. apríl 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. apríl sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

#### **Mál nr. 16. Hrafnabjörg: Breyttir landnotkunarflokkar; Aðalskipulagsbreyting.**

Lögð er fram skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi og gerð nýs deiliskipulag í landi Hrafnabjarga. Aðalskipulagsbreytingin snýst um að lagfæra reit F20 og reiti SL8 þar sem þeir stangast á við gildandi skógræktaráætlun frá árinu 2016. Fristundasvæðið verður fært út af skógræktarsvæðum og upp í holtið þar sem ræktunarskilyrði eru lakari með tilliti til skógræktar. Jafnframt verður

*Handwritten signature*

*DGS*

*AG*

*BS*

*JA*

lagt mat á það hvort landbúnaðarland sem liggur nyrst í landareigninni henti fremur til skógræktar en frístundabyggðar í samræmi við sjónarmið sveitarstjórnar. Breytingin er jafnframt fallin í því að breyta landbúnaðarsvæði í frístundasvæði og frístundasvæði í skógræktarsvæði. Frístundasvæðið F20 (39 ha) nær yfir hluta af landi Hrafnabjarga (14 ha) ásamt Álfabrekku (25 ha). Frístundasvæði innan Hrafnabjarga er óbyggt og ekkert deiliskipulag fyrir hendi. Lýsing þessi gildir bæði fyrir breytingu aðalskipulags sem og vegna nýs deiliskipulags Hrafnabjarga.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**Mál nr. 20. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. apríl sl.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. apríl sl.

4. **Oddvitanefnd Uppsveita Árnassýslu: Fundargerð 6. fundar frá 16. apríl sl.**  
Lögð fram fundargerð 6. fundar Oddvitanefndar Uppsveita Árnassýslu.

*Varðandi lið 1, „stuðningur við Fjölmeningarsamfélag í Uppsveitum Árnassýslu“ samþykkir sveitarstjórn samhljóða að styrkja verkefnið um kr. 100.000,- auk þess sem sveitarstjórn er jákvæð fyrir endurgjaldslausum afnotum af Félagsheimili Hrunamanna fyrir viðburðinn.*

*Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.*

5. **Skóla- og velferðarþjónusta Árnespings: Fundargerð stjórnar frá 15.4. sl. - Ásamt ársreikningi 2023.**  
Lögð fram fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings ásamt ársreikningi.

*Fundargerðin ásamt ársreikningi lögð fram til kynningar.*

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

6. **Bergrísinn bs.: Fundargerð 71. stjórnarfundar frá 18. mars sl.**  
Lögð fram fundargerð 71. stjórnarfundar Bergrisans bs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

7. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 325. fundar stjórnar frá 16. apríl 2024.**  
Lögð fram fundargerð 325. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**Erindi til sveitarstjórnar:**

8. **Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 19. apríl 2024.**  
Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi, 899. mál.

*Lagt fram til kynningar.*

9. **Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 19. apríl 2024.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál.

*Lagt fram til kynningar.*

10. **Bréf frá framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna frá 15. apríl 2024.**

Lagt fram bréf frá framkvæmdastjóra Landskerfis bókasafna þar sem boðað er til aðalfundar Landskerfis bókasafna hf. þriðjudaginn 7. maí n.k.

*Lagt fram til kynningar.*

11. **Bréf frá Félagi eldri Hrunamanna frá 23. apríl 2024.**

Lagt fram bréf frá Félagi eldri Hrunamanna þar sem félagið skorar á sveitarstjórn að hefja viðræður við sveitarstjórn í Laugarás læknishéraði um byggingu félags og þjónustumiðstöðvar í tengslum við íbúðir fyrir eldra fólk og að í framhaldi risi hjúkrunarrými.

*Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið og felur sveitarstjóra að vinna að málinu.*

12. **Bréf frá framkvæmdastjóra SASS frá 22. apríl 2024.**

Lagt fram bréf frá framkvæmdastjóra SASS þar sem boðað er til aukaaðalfundar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem verður haldinn í Vestmannaeyjum þann 7. júní n.k.

*Lagt fram til kynningar.*

13. **Ósk um að fallið verði frá forkaupsrétti, Akurgerði 8.**

Lagt fram kauptilboð í eignina Akurgerði 8, en Hrunamannahreppur hefur forkaupsrétt að eigninni.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að falla frá forkaupsrétti í umrædda eign.*

14. **Lóðaúthlutun.**

Ein umsókn hefur borist um lóðina Birkihlíð 6 frá Steinar resort ehf, kt. 301216-1240

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að úthluta fyrirtækinu lóðinni í samræmi við skilmála um lóðaúthlutanir í sveitarfélaginu.*

15. **Sumarlokun skrifstofu 2024.**

Lagt er til að skrifstofa Hrunamannahrepps verði lokuð í rétt rúmar þrjár vikur í sumar eða frá 8. júlí – 26. júlí, að báðum dögum meðtöldum, vegna sumarfrís starfsmanna.

*Sveitarstjórn samþykkir lokun skrifstofunnar.*

16. **Íbúafundur 6. maí.**

Sveitarstjórn samþykkir að haldinn verði íbúafundur í Félagsheimili Hrunamanna mánudaginn 6. maí kl. 20:00.

*AA*  
*DGS*  
*AGJ*  
*B*  
*JEB*

**Fjárhagsleg málefni:**

**17. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2023 – síðari umræða.**

Lagður fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2023 ásamt sundurliðunum, til síðari umræðu.

Lagður fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2023 ásamt sundurliðunum, til seinni umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn með eftirfarandi bókun:

Niðurstaða ársreiknings Hrunamannahrepps fyrir árið 2023 er jákvæð hvort sem litið er til A hluta eingöngu eða A og B hluta samanlagt.

Niðurstaða ársreiknings samstæðu A og B hluta fyrir árið 2023 er jákvæð sem nemur 122,9 m.k. en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir 27,2 m.kr í rekstrarafgang frá samstæðu. Rekstrarafkoma A hluta er jákvæð um 108 m.kr sem er einnig vel umfram það sem vonir stóðu til í fjárhagsáætlun en hún með seinni tíma viðaukum gerði ráð fyrir 46,8 m.kr. hagnaði af rekstri.

Enn er hækkun vísitölu miklu meiri en verðbólguþáttur gera ráð fyrir og hefur sú staða mikil áhrif á rekstrarniðurstöðu allra sem skulda. Hér hefur verðbólga þau áhrif að verðbætur reiknast um 95 m.kr sem er svipað og var á fyrra ári. Í eðlilegu árferði hvað verðlagsþróun varðar væri afkoma sveitarfélagsins betri sem því nemur.

Veltufé frá rekstri A og B hluta nam um 350 m.kr. eða ríflega 19,5 % af heildartekjum. Handbært fé frá rekstri var 241 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 193,2 m.kr.. Veltufé samstæðu frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindingar er 2,64 sem telst gott. Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum er 4,92 sem einnig er góð niðurstaða.

Fjárfestingar á árinu 2023 námu 572 m.kr. Helstu fjárfestingar ársins fólust í kaupum á neðri hæð Hrunamannavegar 3, endurnýjun á þaki og efri hæð grunnskólans, vatnstankur á Berghylsfjalli var kláraður, lögð var vatnsveitu frá Garðastíg og að Iðjuslóð og framkvæmdir voru bæði í gatnagerð og veitum í Fannborgar- og Kerlingartanga. Aðrar fjárfestingar voru smærri í sniðum. Afborganir langtímalána námu 98,5 m.kr. og tekin ný langtímalán voru 360 m.kr.

Í árslok er hlutfall skulda A hluta sveitarsjóðs af tekjum að frádregnum lífeyrisskuldbindingum sem falla til eftir 15 ár eða síðar 52,2% sem er langt undir skuldþakinu svokallaða sem gerir þær kröfur til sveitarfélaga að skuldir þeirra skuli ekki fara yfir 150%. Rétt er þó að geta þess að fjármálareglur sveitarfélaga hafa verið afnumdar vegna heimsfaraldurs covid-19 til ársins 2025. Skuldahlutfall samstæðu A og B hluta er 64,7% sem einnig er langt frá leyfilegu hámarki sem er ánægjulegt.

Í ljósi niðurstaðna ársreiknings ársins 2023 er full ástæða til bjartsýni þegar horft er til framtíðar. Hér er hafin kröftug uppbygging íbúðarhúsnæðis, öllum lóðum sem komið hafa til úthlutunar hefur verið úthlutað og aðilar í atvinnurekstri horfa til Hrunamannahrepps sem álitlegs kosts hvað uppbyggingu varðar enda eru innviðir hér sterkir á mörgum sviðum.

Sveitarstjórn vill nýta þetta tækifæri og færa stjórnendum og starfsmönnum öllum bestu þakki fyrir framlag þeirra til ábyrgs rekstrar og góðrar þjónustu. Sveitarstjórn vill einnig þakka endurskoðendum og skrifstofustjóra fyrir góða vinnu við gerð ársreiknings. Jafnframt ber að þakka traust og ánægjulegt samstarf sveitarstjórnarmanna. Slíkt samstarf er dýrmætt fyrir íbúa alla.

AA  
DCW  
ART  
BV  
JD

**Mál til kynningar:**

**18. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 947. fundar stjórnar frá 19.4.2024.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira er ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:59.

Alexandra Rós Jóhannesdóttir

Dad: Geir Samúelsson

Bjarnny Vignisdóttir

  
Helga Jónsdóttir

  
Alti Hafstein